

SAMÞYKKT

Veiðifélags Arnarvatnsheiðar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Arnarvatnsheiðar. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til eftirtalinna jarða í Reykholtsdals- og Hálsahreppum sem upp- rekstur eiga á afréttarlandi hreppanna á Arnarvatnsheiði.

Hálsahreppur: Arnarheiðarstaðir, Auðsstaðir, Augastaðir, Búrfell, Giljar, Hellu- bær, Hofsstaðir, Hraunsás, Húsafell II, Húsafell III, Kollslækur, Norður-Reykir, Rauðsgil, Refsstaðir, Sigmundarstaðir, Signýjarstaðir, Stóri-Ás, Uppsali, Úlfsstaðir.

Reykholtaldshreppur; Akur, Ásgarður, Berg, Birkihlíð, Breiðabólstaður, Brekku- kot, Brennistaðir, Brennistaðir II, Brúsholt, Deildartunga, Deildartunga II, Geirs- hlíð, Giljahlíð, Gróf, Grímsstaðir, Hamrar, Hrisar, Hurðarbak, Hægindi, Hæll, Kjalvar- arstaðir, Kleppjárnreykir, Klettur, Kópareykir, Kópareykir II, Laugavellir, Litli- Kroppur, Nes, Reykholt, Runnar, Samtún, Skáney, Skógar, Snældubeinsstaðir, Steðji, Steindórsstaðir, Stóri-Kroppur, Sturlu-Reykir, Sturlu-Reykir II, Vilmundarstaðir.

Auk þess nær félagið til eftirtalinna býla; í Hálsahreppi: Hýrumelur, í Reyk- holtaldshreppi; Björk, Dalbær, Garður, Litli-Hvammur, Skrúður, Sólbyrgi, Varmal- and, Viðigerði, Breiðagerði.

Þá nær félagið einnig til þessara jarða í Hvitársíðuhreppi; Gilsbakka, Kal- manstungu I og Kalmanstungu II.

Félagið nær yfir eftirtalin vötn og ár: Arnarvatn litla, Arfavötnin tvö, Ólafs- vatn, Veiðitjörn, Leggjarbrjótstjarnir, Mordísvatn, Krummavatn, Jónsvatn, Króka- vatn, Núpatjörn, Þorgeirsvatn, Þorvaldsvötn, Hlíðarvatn, Hávaðavötn, Gilsbakkaá, Úlfsvatn, Úlfsvatnsá, Grunnuvötn, Syðra-Kvislavatn, Djúpalón, Álftavötn, Kaldalón og Nautavatn.

Félagið nær einnig til allra fiskgengra áa og lækja, sem í fyrrgreind vötn falla og tengja þau saman, svo og til þeirra vatna og tjarna þar sem fiskur er eða fiskirækt er möguleg í á áðurgreindu félagssvæði.

Neðri mörk félagssvæðisins eru við ósinn úr Arnarvatni litla og við ós Lambár úr Grunnavatni.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði á þann hátt sem hagkvæmast þykir hverju sinni.

Félagið tekur til allrar fiskveiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum, formanni og 4 meðstjórnendum, skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að fyrst gengur formaður út eftir eitt ár, tveir meðstjórnendur eftir tvö ár og hinir tveir eftir þrjú ár.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Á aðalfundi skal kjósa einn varamann í stjórn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn.

5. gr.

Stjórn félagsins hefur með höndum allar framkvæmdir milli aðalfunda. For- maður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum.

6. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir apríllok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins og leggur fram endurskoðaða reikninga þess. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

7. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt milli veiðieigenda samkvæmt arðskrá. Þeir greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum.

8. gr.

Að öðru leyti vísast til laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. ágúst 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 402/1976 um námslán námsstyrki.

1. gr.

2. gr. hljóði svo:

Óháð ákvæðum 1. gr. skulu námsmenn við eftirtaldir námsstofnanir eiga kost á námsaðstoð samkvæmt þessari reglugerð og eftir því sem sérstök fjárveiting leyfir hverju sinni, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1976:

Fiskvinnsluskólinn, 3. og 4. ár.

Fósturskóli Íslands, 3. ár.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Iðnskólar, framhaldsdeildir 3. ár.

Íþróttakennaraskóli Íslands.

Leiklistarskóli Íslands, 3. og 4. ár.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands, 3. og 4. ár.

Stýrimannaskólar.

Tónlistarskólar: 2 síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík.

Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og tækninám, annað en meinatækni.

Vélskólar.

Þroskapiálfaskóli Íslands, 3. ár.

Nám á tæknifræðistigi og meinatækninám við Tækniskóli Íslands, svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri, telst aðstoðarhæft skv. 1. gr.

2. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, 6. gr. a, er hljóði svo:

Upplýsingar þær er sjóðurinn geymir um umsækjendur skiptast í almennar